

**Símenntun á Vesturlandi
Fundargerð**

131. stjórnarfundur Símenntunar haldinn föstudaginn 29.ágúst kl. 11:00, í húsnaði Símenntunar Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.

Mætt: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Vignir Smári Mariásson, Jóhanna María Sigmundsdóttir, Alexander Kristinsson og Guðrún Vala Elísdóttir framkvæmdastjóri. Á fundinn vantaði Áshildi Bragadóttur.

Dagskrá fundar:

1. Skipulagsskrá og framtíðarsýn. Stjórn og framkvæmdastjóri fóru sameiginlega yfir skipulagsskrá og ræddu framtíðarmöguleika Símenntunar.
2. Framkvæmdstjóri fór yfir verkefnastöðu og greindi frá því að í haust yrði mikil áhersla lögð á raunfærnimat til að nýta fjármagn. Enn fremur verða kenndar 5-6 námsleiðir skv. vottuðum námsleiðum. Staðan í náms- og starfsráðgjöf er góð. Tvö íslenskunámskeið byrja á Akranesi í september og önnur verkefni eins og námskeið í ferilskrárgerð fyrir atvinnuleitendur eru í gangi, nýlega val haldinn sameiginlegur fræðsludagur fyrir starfsfólk í mötuneytum menntastofnana á Vesturlandi o.fl. styttri námskeið hafa verið haldin í tengslum við verkefnið „Fræðslustjóri til leigu“ en í undirbúningi er að fara í stór fræðslustjóra verkefni (HVE- Akranes- FSSF).
3. Þróunarverkefni, framkvæmdastjóri sagði frá Fjölmenningskóla Vesturlands og málþjálfarverkefni sem er í mótun og snýr að þjálfun starfsmanns á vinnustað til að leiðbeina starfsfólki af erlendum uppruna í íslensku.
4. Starfsmannamál. Rætt um stöðu mála, innleiðingu tímaskráningarkerfis og framkvæmdastjóri greindi frá fyrirhugaðri ráðningu á verktaka.
5. Framvinda, áskoranir og næstu skref. Framkvæmdastjóri kynnti rökstudda greinargerð sem Fræðslusjóður hefur kallað eftir og sagði jafnframt frá fyrirhuguðum heimsóknunum í ráðuneyti.
6. Önnur mál. Rætt var um hvort stytta ætti opnunartíma Símenntunar á föstudögum, en komst stjórn að þeirri niðurstöðu að það væri ekki tímabært að svo stöddu.
7. Næsti fundur ákveðinn 10.nóvember.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl, 12:43.

Guðrún Vala Elísdóttir ritaði fundargerð.

